

Reglur um endurgjald vegna þjónustu við aðildarfélög SGS

1. Grein Almenn ákvæði

Starfsgreinasamband Íslands veitir aðildarfélögum sínum margvíslega þjónustu, ráðgjöf og aðstoð. Helsta verkefni SGS er aðstoð við undirbúning, gerð, túlkun og kynningu á kjarasamningum.

Aðildarfélög sem nýta sér starfsemi Starfsgreinasambands Íslands til að sinna þjónustu sem fellur undir daglegan rekstur stéttarfélaga skulu greiða ákveðið þjónustugjald til SGS sem og greiða allan útlagðan kostnað sem fellur til vegna verkefnisins.

Reglur þessar verða endurskoðaðar af framkvæmdastjórn gefi reynslan af framkvæmd þeirra tilefni til slíks.

2. Grein Gjaldskyld þjónusta

Aldrei er innheimt þjónustugjald vegna ráðgjafar, þjónustu eða aðstoðar sem hægt er að afgreiða með símtali, tölvupósti eða samtali á skrifstofu sambandsins.

SGS getur sent reikning vegna eftirfarandi verkefna fyrir aðildarfélög:

- aðstoð við útreikning og innheimtu á launakröfum,
- aðstoð við gerð vinnustaðabáttis kjarasamnings,
- aðstoð við gerð sérkjarasamninga,
- verkefni tengd uppmælingu í ræstingu,
- verkefni tengd kaupauka- og bónuskerfum,
- kennsla á námskeiðum,
- aðstoð við gerð viðhorfskannanna,
- aðstoð við kynningarmál og skipulagningu funda,
- þýðingar á skjölum

3. Grein Þjónustugjald

Þegar verk er unnið á grundvelli tímaskráningar skal starfsmaður færa skrá yfir þá tíma sem fara í verkið og við hvað er unnið. Viðskiptamaður á rétt á afriti af tímaskýrslum og skulu þær fylgja með reikningum til útskýringa.

Þjónustugjald vegna þátttöku í launum starfsmanns SGS er **3.500 krónur** á hverja skráða tímaeiningu

Heimilt er að bæta við sérstöku **20% álagi** ofan á þjónustugjald ef beiðni er um að verk klárast á skemmri tíma en eðlilegt getur talist eða á öðrum tímum en eðlilegt má telja, s.s. á kvöldum eða á almennum frídögum.

Þjónustan er ekki virðisaukaskattskyld.

4. Grein

Útlagður kostnaður

Til viðbótar við endurgjald vegna þjónustu skal aðildarfélag greiða allan útlagan kostnað SGS sem tengjast verkefninu sem SGS tekur að sér, þ.m.t. kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu, ferðakostnað, gistikostnað, og fæðisdagpeninga.

5. Grein

Greiðslufyrirkomulag

Starfsgreinasambandið greiðir alla reikninga sem falla til við verkefnið og sendir síðan út reikning til greiðslu samkvæmt ofangreindum reglum eftir að verkefni er lokið.

6. Grein

Ágreiningur um gjaldskyldu

Framkvæmdastjóri SGS skal leggja mat á hvert einstakt þjónustuverkefni og hvort aðildarfélag skuli vera gjaldskyldt eður ei.

Komi upp ágreiningur um gjaldskyldu vegna þess að aðildarfélag telur að viðkomandi verkefni falli ekki undir daglegan rekstur eða þá að málið hafi mikið fordæmisgildi fyrir önnur aðildarfélög er hægt að óska eftir því að framkvæmdastjórn SGS taki málið til umfjöllunar til að ákvarða hvort sambandsjóður skuli greiða kostnaðinn.

7. Grein

Gildistaka

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 10.maí 2012. Framkvæmdastjórn ákveður upphæð þjónustugjalds, en breytingar á gjaldskrá skal taka mið af almennum launahækkunum samkvæmt kjarasamningi SGS við SA

Þannig samþykkt á þingi SGS 10.maí 2012.